

ÁRSSKÝRSLA VR  
2021 - 2022



Umbrot/útlit: Reynir Albert Þórólfsson

Myndir: Úr herferð VR, „Þrója vaktin“


Athugið að fjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslunni sem vísa til reksturs eða sjóða félagsins miða við almanaksárið en upplýsingar um starfsemi félagsins að öðru leyti miða við starfsár stjórnar á milli aðalfunda, nema annað sé tekið fram.

<b>Þetta er VR</b>	<b>4</b>	<b>VR Annual Report 2021 - 2022</b> <b>English summary</b> <b>on p. 28 - 30</b>
<b>Ávarp formanns</b>	<b>6</b>	
Stjórn VR starfsárið 2021 - 2022	7	
<b>Kjarasamningar</b>	<b>8</b>	
Aðalkjarasamningar VR	8	
Aðrir kjarasamningar	8	
<b>Kjaramál</b>	<b>9</b>	
Þjónusta kjaramálasviðs	9	
Vinnustaðaeftirlit	9	
Dómsmál	10	
<b>Sjúkrasjóður</b>	<b>12</b>	<b>English summary</b> <b>on p. 28 - 30</b>
Sjúkradagpeningar 2020 og 2021	12	
Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR	12	
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2021 – 2022	13	
<b>Starfsmenntamál</b>	<b>14</b>	
Starfsmenntanefnd	14	
Starfræni hæfniklasinn	14	
Fraðslustjóri að láni	15	
Starfsgreinaráð	15	
Lyktölur úr ársreikningum starfsmenntasjóða	15	
Stjórnir starfsmenntasjóða starfsárið 2021 - 2022	15	
<b>VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR</b>	<b>16</b>	<b>English summary</b> <b>on p. 28 - 30</b>
Hvatning og stuðningur	16	
<b>Orlofsmál</b>	<b>17</b>	
Um orlofshúsin	17	
Afsláttarmiðar og kort, samstarf við ferðaþjónustuaðila	17	
Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2021 – 2022	17	
<b>Ályktanir og yfirlýsingar, fundir, nefndir</b>	<b>18</b>	
Yfirlýsing frá stjórn VR um forgangsröðun í bólusetningu	18	
Ályktun frá stjórn VR um álagningu banka	18	
Ályktun stjórnar og húsnæðisnefndar VR um leigumarkaðinn	18	
Framtíðarnefnd VR skorar á framboð til alþingis að svara kröfu um atvinnulyðræði	18	
VR veitir flóttafólk frá Úkraínu neyðaraðstoð	18	
Fundir starfsárið 2021 – 2022	18	
Nefndir og stjórnir	19	
Erlend samskipti	20	
<b>Starfsemi og rekstur félagsins</b>	<b>21</b>	<b>English summary</b> <b>on p. 28 - 30</b>
Framboð til trúnaðarstarfa	21	
Áhrif Covid-19 á starfsemi og þjónustu VR	21	
Stjórnarhættir	21	
Stefnur VR	21	
Heimsmarkmiðin	22	
Lagabreytingar	22	
Starfsemi þjónustudeildar 2021	23	
VR varasjóður	23	
Félagsmál	23	
Rannsóknir og kannanir	24	
Útgáfu- og kynningarmál	24	
Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla	24	
Skipulag skrifstofu VR	25	
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2021	27	
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	27	
<b>Ársreikningur 2021</b>	<b>31</b>	<b>English summary</b> <b>on p. 28 - 30</b>
Skýrsla stjórnar	32	
Áritun óháðs endurskoðanda	33	
Staðfesting vegna annarra ákvæða laga	34	
Áritun félagskjörins skoðunarmanns	34	
Rekstrarreikningur 2021	35	
Efnahagsreikningur 31. Desember 2021	36	
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021	37	
Skýringar	38	
Skýringar - sundurliðanir	44	
Skýringar - yfirlit um rekstur sjóða	46	
VR árið 2021	46	
Skýringar - efnahagur sjóða VR	47	
31. desember 2021	47	

## ÞJÓNUSTAN Í HNOTSKURN 2021


FJÖLDI AFGREIÐSLNA	3.436
FJÖLDI SÍMTALA	41.150
FJÖLDI TÖLVUPÓSTA TIL VR@VR.IS	14.673
UMFERÐ UM VR.IS	564.875
FJÖLDI FÉLAGSFÓLKS	36.871
FJÖLDI NÝRRA KJARAMÁLA	1.390
FÉLAGSGJÖLD	1,6 ma.kr.
FJÖLDI ÚTLEIGA ORLOFSHÚSA	6.211
GREIDDIR SJÚKRADAGPENINGAR	1,5 ma.kr.
STARFSMENNTASTYRKIR	704 m.kr.
VR VARASJÓÐUR, STYRKIR	710 m.kr.
VR VARASJÓÐUR, FJÖLDI EINSTAKLINGA	16.226

## KYNJABÓKHALD VR




## GREIÐSLUR ÚR VR VARASJÓÐI 2021

- Forvarnir
- Orlofsþjónusta
- Lækniskostnaður
- Endurhæfing
- Hjálpartæki
- Námsorlof
- Annað



## SKIPTING SJÚKRADAGPENINGA EFTIR SJÚKDÓMAFLOKKUM 2021

- Geðraskanir
- Aðrir sjúkdómar
- Stoðkerfi
- Krabbamein
- Kviðahol og meltingarfæri
- Hjarta- og æðasjúkdómar





Ársins 2022 verður minnst fyrir átök á ólíkum vígstöðvum og þegar þetta er ritað, síðla marsmánaðar, er enn skammt liðið á árið. Heimsfaraldur Covid-19 herjar áfram á þjóðir heims og blóðug stríðsátök hafa brotist út í Evrópu sem þegar hafa kostað þúsundir lífið. Milljónir íbúa Úkraínu hafa flúið heimili sín í kjölfar innrásar Rússlands seitn í febrúar og leita aðstoðar alls staðar þar sem hana er að finna. Stéttarfélög víða í Evrópu hafa lagt sitt af mörkum til að hjálpa þeim sem flýja stríðið og erum við engin undantekning á því. Stjórn VR samþykkti á fundi sínum í mars að leggja fram 5,6 milljónir króna til hjálparstarfs í Úkraínu sem og húsnæði félagsins í Ölfusborgum sem hægt er að bjóða þeim flótta-mönnum sem hingað koma vegna stríðsátakanna. Bregðast þarf hratt við þegar hætta steðjar að og sýna samstöðu og styrk. Það geta stéttarfélög.

Þegar við lítum nær okkur ber hæst að kjarasamningaviðræður eru framundan síðar á árinu. Lífskjarasamningurinn kom til endurskoðunar haustið 2021 en þá þegar var ljóst að stjórnvöld hefðu ekki efnt þau loforð sem þau gáfu í tengslum við undirritun samningsins vorið 2019. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda töldu hins vegar mikilvægt að samningurinn stæði og heldur hann því gildi sínu fram til nóvember 2022. Undir lok þessa árs renna því báðir aðalkjarasamningar VR við atvinnurekendur út og er undirbúnungur fyrir nýja lotu viðræðna þegar hafinn. Kjaramálanefnd stjórnar VR leiðir vinnu við mótnu kröfugerðar félagsins og hófst hún sumarið 2021. Margt fólk kemur að verkinu, stjórn, trúnaðarráð og félagsfólk sem fékk

senda könnun í febrúar 2022 um áherslur í komandi viðræðum. Hátt í fimm þúsund svöruðu og ljóst að VR félagar vilja taka þátt í því að móta sína framtíð á vinnumarkaði.

Kjarasamningaviðræðurnar framundan verða erfiðar, ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi í efnahagsmálum. Verðbólgan er komin yfir 6% og vextir hafa snarhækkað. Atvinnurekendur eru þegar farnir að gagnrýna það sem þeir halda að verði kröfur verkalýðshreyfingarinnar – alls ekki má hækka launin því launin séu að sliga atvinnulífið. Það er hins vegar ekkert sem bendir til þess að fyrirtæki séu almennt að kikna undan launakostnaði eða að fjármagnseigendur hafi misst trúna á efnahagslífið. Mörg fyrirtæki, og ekki síst bankarnir, hafa skilað sinni bestu afkomu í áraraðir og launa-hækkanir forstjóra eru í engu samræmi við það sem sjá má á vinnumarkaði. Það eru margar leiðir færar til að skila ávinningsi til launafólks, bæði í gegnum kjarasamninga en einnig með öðrum úrræðum sem snúa þá meðal annars að stjórnvöldum. Við eignum eftir að sjá áhrif stríðsátakanna í Evrópu á efnahagslífið og vinnumarkaðinn hér á landi en við látum ekki deigan síga í baráttunni fyrir hagsmunum okkar fólks.

Þjónusta VR við félagsfólk á starfsárinu tók mið enn og aftur af Covid-19 faraldrinum og var ítrekað færð á netið og í síma þar sem móttaka félagsins var lokað vikum saman. Rafræn samskipti hafa verið stór þáttur í starfsemi VR síðustu tvö ár og hefur starfsfólk tekist að tryggja örugga og góða þjónustu við félagsfólk á erfiðum tínum með því að leita nýrra leiða og beita hugviti sínu. Það á þakkir okkar skildar fyrir. Margar breytingar í samskiptum og þjónustu við félagsfólk, sem Covid-19 hefur krafist, eru komnar til að vera og okkar verkefni er að halda áfram að þróa og betrumbæta þær þjónustuleiðir.

Starfsmenntamálin verða æ mikilvægari og hefur VR tekið þau föstum tökum. Stafræni hæfniklasinn, sem VR, Samtök verslunar og þjónustu og Háskólinn í Reykjavík, standa að tók til starfa á starfsárinu en markmið hans er að auka vitundarvakningu um mikilvægi stafrænnar umbreytingar. Hæfniklasinn er fyrsta stopp í þeirri vegferð sem starfsfólk og fyrirtæki þurfa að hefja til að takast á við breyttan heim fjórðu iðnbytingarinnar. Í ljósi heimsfaraldurs mætti halda að dregið hefði úr fræðslu á vegum félagsins en það er öðru næri. Nær öll fræðsla hefur verið í boði rafrænt síðustu tvö ár, hvort sem er námskeið, fyrirlestrar, raunfærnimat eða starfsþróun, og hefur aldrei náð til fleira félagsfólks en einmitt nú á tínum Covid-19.

Við sjáum áframhaldandi fækkun í fjölda félaga sem sækja til Sjúkrasjóðs VR og VIRK endurhæfingarsjóðs sem er ánægjulegt. Annað árið í röð fækkar þeim sem sóttu um sjúkradagpeninga en sifeld aukning áranna þar á undan var áhyggju-efni. Stærstur hluti þeirra sem sækir til Sjúkrasjóðs VR striði

við geðræna kvilla eða stoðkerfisvanda og er full ástæða fyrir stéttarfélögin að huga enn betur að heilsu og velliðan félagsfólks síns og stuðla jafnframt að heilbrigðara vinnu- umhverfi.

Orlofshúsum í eigu VR fjölgar enn, tvö hús bættust í hópinn á starfsárinu, bæði Hvalfirðinum. Stefnt er að því að bæta fleirum við á þessu ári, þar af einu stóru húsi sem getur hýst stórfjölskylduna þegar svo ber undir. Orlofshús VR eru alltaf vel nýtt og hefur ásókn sjaldan verið meiri.

Jafnréttismálin hafa lengi verið í brennidepli hjá VR og hefur herferð félagsins um þriðju vaktina vakið verðskuldaða athygli. Það er ekki til neitt einfalt svar við því hvernig við tryggjum jafnrétti kynjanna. VR hefur háð þessa baráttu á vinnumarkaðinum í áratugi og hvatt fyrirtækin til dáða. Með herferðinni um þriðju vaktina stigum við út af vinnumarkaðinum og inn á heimili fólks. Öll verkefni sem snúa að rekstri heimilis og fjölskyldu hafa áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði, við vitum það. Það sama á við um ábyrgðina, utanumhaldið og verkstjórnina – þriðju vaktina. Jafnrétti byrjar heima og þá þarf að velta við hverjum steini.

Herferðin um þriðju vaktina velti þeim nokkrum.

Húsnæðismálin eru orðin að einu helsta málínu í hagsmunabaráttu verkalýðshreyfingarinnar. Nú loksns liggja fyrir samþykktir fyrir Blæ húsnæðisfélag eftir þrettán mánaða baráttu. Blær er húsnæðisfélag sem verkalýðshreyfingin stofnaði um svipað leyti og Bjarg en það félag tryggir tekjulægri fjölskyldum öruggt húsnæði. Blær lýtur svipuðum lög-málum, þó skilyrðin séu rýmri. Það hefði komið sér vel í því ástandi sem nú ríkir ef Blær hefði fyrri fengið nauðsynlegan stuðning innan verkalýðshreyfingarinnar í stað mótvinds, eins og raunin var. Það er ljóst að húsnæðismálin verða eitt af stóru málunum í næstu kjarasamningum og þá þurfum við að standa sameinuð.

Ég vil þakka stjórn, trúnaðarráði, starfsfólk og félagsfólk fyrir gott samstarf á starfsárinu sem nú er nýliðið og hlakka til að takast á við nýtt ár og nýjar áskoranir með öllu því öfluga fólk sem í VR er.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



## STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2021 - 2022

Ragnar Þór Ingólfsson formaður, Harpa Sævarsdóttir varaformaður, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir ritari, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Þorvarður Bergmann Kjartansson og Þórir Hilmarsson.

**Til vara:** Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Hallgrímsdóttir og Arnþór Sigurðsson.



Stjórn VR 2021 – 2022. Fremri röð frá vinstri Sigrúður Sigfússon, Harpa Sævarsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Aftri röð frá vinstri Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jón Steinar Brynjarsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson og Sigrún Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Þórir Hilmarsson.  
Ljósmynd: Birgir Ísleifur.

## AÐALKJARASAMNINGAR VR

### Endurskoðun Lífskjarasamningsins

Forsendur Lífskjarasamningsins, sem undirritaður var árið 2019, komu til endurskoðunar í september 2021 en þá mat launa- og forsendunefnd hvort forsenda um kaupmátt hafi staðist sem og þær stjórnvaldsákvarðanir, lagabreytingar og fjármögnun sem heitið var í yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við gerð samningsins frá apríl 2019. Forsendur samningsins stóðust ekki að öllu leyti þar sem stjórnvöld efndu ekki öll fyrirheit í yfirlýsingu sinni. Samninganefnd Alþýðusambands Íslands og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins funduðu og lýstu yfir vilja til þess að samningurinn myndi standa og heldur hann því gildi sínu þar til hann rennur út þann 1. nóvember 2022.

### Undirbúningur kjarasamningaviðræðna 2022

Kjarasamningar VR við Samtök atvinnulífsins annars vegar og Félag atvinnurekenda hins vegar renna út í byrjun nóvember 2022. Undirbúningur fyrir kröfugerð félagsins og næstu lotu kjarasamningaviðræðna við samtök atvinnurekenda hófst strax sumarið 2021 en kjaramálanefnd stjórnar VR hefur það hlutverk að móta kröfugerð félagsins. Auk nefndarinnar og allrar stjórnar kemur trúnaðarráð félagsins einnig að undirbúningi kröfugerðarinnar og félagsfólk hefur tækifæri til virkrar þátttöku. Könnun um áherslur í kjarasamningum var send út í febrúar og var félagsfólk hvatt til að taka þátt með auglýsingum á vefmiðlum og samfélagsmiðlum.

Alls tóku hátt í fimm þúsund VR félagar þátt í könnuninni. Niðurstöðurnar verða kynntar á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna sem fyrirhugað er að halda í byrjun apríl.

## AÐRIR KJARASAMNINGAR

### Kjarasamningur við ÍSAL samþykktur

Þann 22. júní 2021 var skrifað undir kjarasamning milli ÍSAL í Straumsvík og hlutaðeigandi stéttarfélaga, þ.m.t. VR. Um er að ræða samning til rúmlega fimm ára, til loka árs 2026. Atkvæðagreiðsla um samninginn stóð yfir dagana 25. júní til og með 5. júlí 2021. Þátttaka í sameiginlegri atkvæðagreiðslu VR og Verkalýðsfélagsins Hlífar var 64,3% og var samningurinn samþykktur með 76,8% atkvæðum þeirra sem tóku afstöðu.

### Kjarasamningur við Elkem Ísland samþykktur

Atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning við Elkem Ísland hófst þann 25. maí og lauk þann 2. júní 2021. Um var að ræða kjarasamning milli Elkem Ísland ehf. annars vegar og VR, Verkalýðsfélags Akraness, Félags iðn- og tæknigreina og Stéttarfélags Vesturlands hins vegar sem undirritaður var 18. maí 2021. Samningurinn er afturvirkur, til 1. janúar 2021, og er gildistími hans fjögur ár. Atkvæðagreiðslan var sameiginleg meðal stéttarfélaganna og var kosningabátttaka 71,8%. Samningurinn var samþykktur með 59,5% greiddra atkvæða.




## ÞJÓNUSTA KJARAMÁLASVIÐS


Vegna Covid-19 faraldursins var móttaka félagsins lokað í tæpa fjóra mánuði á árinu 2021 og veitti sérfraeðingar kjaramálasviðs félagsfólk Þjónustu rafrænt sem og símleiðis á því tímabili. Þá mánuði sem móttakan var opin töku sérfræðingar sviðsins á móti 1.046 félögum sem er fækken frá árinu 2020 þegar tekið var á móti 1.469 félögum. Til samanburðar má nefna að á árinu 2019 fengu alls 3.495 félagar aðstoð sérfræðinga sviðsins á skrifstofu félagsins í Reykjavík. Sérfræðingar kjaramálasviðs stofnuðu alls 1.390 ný mál á árinu 2021 samanborið við 1.695 á árinu 2020. Mál eru stofnuð ef frekari aðstoðar er þörf en hægt er að veita í fyrstu heimssókn á skrifstofu eða í fyrsta símtali. Á árunum 2020 og 2021 voru nokkuð færri mál stofnuð en árin áður og má rekja það til Covid-19 faraldursins og þess að vel tókst að ljúka málum í gegnum tölvupóstsamskipti eða í síma og því ekki talin þörf á að stofna mál. Langflest málanna snuru að réttindum vegna uppsagna eða ráðninga en launaútreikningar og yfirferð launaseðla voru einnig áberandi. 42 félagar í VR leituðu til félagsins vegna eineltismála, kynferðislegs áreitis eða samskipta á vinnustað á árinu 2021 sem er sex fleiri en árið áður.

Ef frá eru talin atvinnuleyfi fyrir erlent félagsfólk voru ný mál alls 1.113 talsins árið 2021 samanborið við 1.469 á árinu 2020. VR veitti því 277 umsagnir um atvinnuleyfi á árinu 2021 eða nokkuð fleiri en á árinu áður þegar þær voru 226. Af þessum 277 umsögnum um atvinnuleyfi á árinu 2021 voru 144 vegna nýrra leyfa en 131 var vegna framlengingar á leyfi. Umsögn stéttarfélags um atvinnuleyfi felur m.a. í sér að félagið gangi úr skugga um að laun séu ekki undir lágmarksákvæðum kjarasamninga.

## FJÖLDI NÝRRA KJARAMÁLA



## ATVINNULEYSI MEÐAL VR FÉLAGA Í NÓVEMBER ÁR HVERT



Alls var 5.568 tölvupóstum svarað úr miðlægu netfangi kjaramálasérfræðinga á árinu 2021. Það er heldur færra en árið 2020 þegar svörin voru alls 6.885. Að meðaltali bárust rúmlega 22 tölvupóstar til þessa netfangs á hverjum virkum degi árið 2021.

VR félagar með erlent ríkisfang voru rúmlega 11% af heildarfjölda í félaginu að meðaltali árið 2021. Þegar litið er til heildarmálfjölda kjaramálasviðs það ár voru 40% mál tengd einstaklingum með erlent ríkisfang. Það er aukning frá fyrra ári þegar hlutfallið var 36%.

## Fjöldi mála í vinnslu og kröfur í þrotabú

Um áramótin 2021 og 2022 var VR með 141 mál í vinnslu, þar af voru 53 hjá lögmanni félagsins. Alls voru 100 af þessum málum vegna ársins 2021, 22 mál má rekja til ársins 2020 en önnur voru þaðan af eldri.

Á árinu 2021 sótti VR kröfur fyrir alls 66 félaga í þrotabú 11 fyrirtækja en árið 2020 voru þrotabúin 49 talsins og sóttar kröfur fyrir 234 VR félaga.

## VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Vinnustaðaeftirlit VR byggir á lögum nr. 42 frá 2010 og samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Eftirlitið annast fulltrúar sem heimilt er að fara í eftirlits-

heimsóknir á vinnustaði sem undir löggin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Eftirlitsfulltrúar VR eru tveir, annar er með starfsstöð á Selfossi en hinn í Reykjavík.

Vegna Covid-19 faraldursins ákvað Alþýðusambandið að stöðva að mestu reglulegt eftirlit þó hvert og eitt stéttarfélag legði mat á nauðsyn heimsókna í einstök fyrirtæki, ef ástæða þótti gefa tilefni til. Skráningar á vegum VR í gagnagrunn eftirlitsins voru því sárafáar á árinu 2021 en heimsóknir voru ekki skráðar ef aðeins var haft samband við stjórnendur en ekki starfsfólk.

Vinnustaðaeftirlitið hefur staðið fyrir sérstöku átaki við eftirlit með myndavélum á vinnustöðum og gert athugasemdir til Persónuverndar við einstaka vinnustaði sem að mati eftirlitsins hafa gengið of langt í rafrænu eftirliti með starfsfólk. Að mati eftirlitsins er þörf á meiri og víðtækari kynningu til atvinnurekenda um heimildir til rafræns eftirlits á vinnustöðum. Þá mættu aðilar sem sjá um uppsetningu á slíkum kerfum kynna sér betur hvað er heimilt í þessum efnunum svo þeir geti betur leiðbeint sínum viðskiptavinum við uppsetningu eftirlitsbúnaðar. Þá er að mati eftirlitsins þörf á skýrari lagasetningu um persónuvernd starfsfólks þegar kemur að rafrænu eftirliti atvinnurekenda.

## DÓMSMÁL

Á árinu 2021 fóru 42 mál til lögmanns VR til frekari innheimtu, að gjaldþrotamálum undanskildum og fyrir utan mál sem lögmaður VR flutti fyrir Félagsdómi fyrir hönd félagsins. Alls eru 18 mál enn opin. Á árinu 2021 þurfti aðstoð dómstóla í tíu málum sem enduðu með dómi eða dómsátt.

Hér að neðan er fjallað um tvö áhugaverð mál sem fóru fyrir dóm á árinu.

## Félagsdómur nóvember 2021

Í nóvember 2021 féllst Félagsdómur á kröfur VR um greiðslu skyldu fyrirtækis á ferðakostnaði starfsfólks síns á þeim tíum sem strætisvagnar ganga ekki, sjái þeir starfsfólk ekki fyrir ferðum, án tillits til þess hvernig starfsfólk hagar ferðum til og frá vinnu á öðrum tíma. VR byggði málið bæði á gr. 3.4. í kjarasamningi VR og SA um ferðir til og frá vinnustað þegar almenningssamgöngur ganga ekki og gr. 3.6. um greiðslu aksturskostnaðar þegar starfsfólk notar eigin bifreið við starf sitt.

Málavextir voru þeir að VR sendi bréf til fyrirtækisins fyrir hönd fyrverandi starfsmanns þess sem hafði unnið í bakarí fyrirtækisins og yfirleitt hafið störf klukkan 4:00 að morgni. Á þeim tíma ganga strætisvagnar ekki og því gerði VR kröfu um vangoldnar akstursgreiðslur að tiltekinni fjárhæð frá 1. júní til 12. október 2018 í samræmi við ákvæði greina 3.4. og 3.6. í kjarasamningi VR og SA. Í bréfinu var þess jafnframt krafist að fyrirtækið greiddi öðru starfsfólk vangoldnar akstursgreiðslur eins og við átti í hverju tilviki. Erindið var síðar ítrekað í bréfi VR 5. desember 2018 og var því hafnað með bréfi frá fyrirtækinu 18. sama mánaðar.

Með bréfi 18. febrúar 2019 voru kröfur félagsmannsins á hendur fyrirtækinu ítrekaðar og var fyrirtækinu sent innheimtubréf 10. apríl sama ár. Kröfunum var hafnað með bréfi 3. maí 2019. Ítrekunarbréf vegna fjárkrafnar tiltekins starfsfólks fyrirtækisins voru send 9. maí 2019 en kröfunum var hafnað þann 10. sama mánaðar.



VR hélt því fram að túlka ætti gr. 3.4. í kjarasamningi VR og SA á þann veg að skýr greiðsluskylda hvíl á atvinnurekendum til greiðslu ferðakostnaðar starfsfólks síns þegar vinna hefst eða henni lýkur á þeim tíma sem strætisvagnar ganga ekki og atvinnurekandi sér því ekki fyrir ferðum. Slík skylda sé óháð því hvernig starfsfólk komi vanalega til vinnu.

Fyrirtækið hélt því fram að greinina bæri að túlka sem svo að hún næði bara til greiðsluskyldu fyrirtækis ef starfsfólk, sem almennt notaði almenningssamgöngur til að komast til vinnu, gæti það ekki vegna þess að þær gengu ekki þegar það átti að mæta til vinnu og því yrði það fyrir aukakostnaði. Starfsfólk sem almennt mætti á eigin bifreið til vinnu yrði ekki fyrir neinum aukakostnaði við ferðina til vinnu þó almenningssamgöngur gengju ekki. Niðurstaða Félagsdóms var sú að túlka ætti greinina skv. orðanna hljóðan og hún gerði ekki greinarmun á því varðandi greiðsluskylduna hvernig fólk færí almennt til vinnu.

Niðurstaða Félagsdóms var einnig sú að gr. 3.4. taki ekki af skarið hvernig skuli ákveða þann kostnað sem vinnuveitanda ber að greiða. Því þurfi að beita gr. 3.6. til fyllingar þar sem hún kveður á um að miða skuli við aksturskostnað (kílómetragjald fyrir hvern ekinn kílómetra) skv. aksturskostnaðarnefnd ríkisins þegar starfsfólk nýttir eigin bifreið við starf sitt. Að mati dómsins var notkun eigin bifreiðar til að komast til vinnu á þeim tíma sem strætisvagnar ganga ekki jafnað til þess að nota bifreiðina við starf sitt í þágu atvinnurekanda.

### Héraðsdómur maí 2021

Í maí 2021 féll í héraðsdómi dómur í máli þar sem greint var á um hvort að aðgerð vegna kynleiðréttингar félli undir veikindaforföll skv. kjarasamningi. Fyrirtækinu var gert að greiða starfsmanni sínum laun í veikindaforföllum vegna afleiðinga af aðkallandi aðgerð til varnar því að starfsmaðurinn yrði óvinnufær síðar.

Félagsmaðurinn, sem var á uppsagnarfresti, varð óvinnufær vegna aðgerðar í upphafi febrúar 2020 og varði það ástand til 4. apríl sama ár. Félagsmaðurinn krafðist þess því að fá greidd laun í veikindum fyrir þann tíma sem óvinnufærin stóð yfir. Óumdeilt var að hann hafði starfað nóg lengi hjá fyrirtækinu til þess að eiga tveggja mánaða veikindarétt. Fyrirtækið bar fyrir sig að óvinnufærni starfsmannsins stafaði ekki af sjúkdómi í skilningi laga og gildandi kjarasamninga heldur stafaði óvinnufærnin af valkvæðri aðgerð sem félagsmaðurinn undirgekkst. Skilyrði bókunar 2000 um óvinnufærni vegna veikinda væru ekki uppfyllt en í bókuninni segir að auk veikinda og slysatilvika verði veikindaréttur skv. kjarsamningi virkur þurfi starfsmaður að gangast undir

aðkallandi og nauðsynlega læknisaðgerð til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt er að leiði til óvinnufærni.

Í málinu lá fyrir vottorð frá lýtalækni um óvinnufærni starfsmannsins á fyrrnefndu tímabili. Í málinu lá einnig fyrir vottorð frá geðlækni sem staðfesti að félagsmaðurinn hefði verið skjólstæðingur geðlæknisins allt frá árinu 2017 og hafi hann fæðst sem kona en upplifað sig í röngum líkama frá kynþroska. Aðgerð sú sem félagsmaðurinn hafi undirgengist væri óaðskiljanlegur hluti transferlis félagsmannsins. Ljóst sé að óvinnufærni hans hafi stafað af aðgerðinni og fylgivilla hennar. Loks staðfesti geðlæknirinn að meðferðin sem félagsmaðurinn hafði undirgengist væri að mestu leyti greidd af Sjúkratryggingum Íslands, enda um staðfestan sjúkdóm að ræða sem falli undir ákveðin greiningarviðmið og hafi sjúkdómsnúmer í greiningarkerfum geðlækninga.

Niðurstaða dómsins var sú að færðar hefðu verið sönnur fyrir því í málinu, m.a. með vitnisburði lækna og rannsókna í læknisfræði, að um aðkallandi aðgerð hefði verið að ræða til að varna því að sjúkdómurinn transexualis leiddi til óvinnufærni og bæri fyrirtækinu því að greiða félagsmanninum laun í veikindum.



Varðandi tekjur árið 2021 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR				
	2021	2020		
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkradagpeningar	1.187	1.509.580.988	1.250	1.756.627.117
Dánarbætur	131	56.059.678	96	45.047.550
Örorkubætur	14	36.762.900	11	19.092.990
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	129	24.005.650	114	21.056.246
<b>Bætur og styrkir til félagsfólks samtals*</b>	<b>1.442</b>	<b>1.626.409.216</b>	<b>1.458</b>	<b>1.841.823.903</b>
Að auki styrkir til stofnana og félaga-samtaka, fræðslu- og fagfélaga		22.200.171		18.511.044

\* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokkja.

## SJÚKRADAGPENINGAR 2020 OG 2021

Greiðslur sjúkradagpeninga til félaga í VR lækkuðu á milli áranna 2020 og 2021 og er það annað árið í röð sem heildarupphæðin lækkar og félögum sem fá greidda dagpeninga fækkar. Nokkur ár þar á undan höfðu greiðslur sjúkradagpeninga hækkað jafnt og þétt í takt við fjölgun í helstu sjúkdómaflokkum, einkum geðrökunum og stoðkerfisvanda.

Greiðslur sjúkradagpeninga á árinu 2021 námu alls kr. 1.509.580.988 sem er um 14% lægri upphæð en árið 2020 en um 20% lægra, að teknu tilliti til launaþróunar og fjölgunar í féluginu á milli ára.

Stærsti einstaki sjúkdómaflokkurinn er sem fyrr geðraskanir með 36,5% af heildarupphæð sjúkradagpeninga árið 2021


sem er nánast sama hlutfall og árið 2020. Alls fengu 1.187 VR félagar greidda dagpeninga árið 2021 sem er 5% fækkuð milli ára.

Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum sjóðsins hækkaði mikil á milli áranna 2017 og 2018 og hélt áfram að hækka næstu tvö ár á eftir. Það náði hámarki árið 2019 og var þá 91,9%. Árið 2020 hækkaði þetta hlutfall lítillega og var þá 88,0% en var 70,1% árið 2021.


## BREYTING Á REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VR

Í ársskýrslu VR fyrir starfsárið 2020 – 2021 var skýrt frá samþykkt aðalfundar árið 2020 á breytingu á 10. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR þess efnis að ákvæði reglugerðarinnar, að sjúkradagpeningar greiðist ekki vegna skaðabótaskyldra

## HLUTFALL SJÚKRADAGPENINGA AF IÐGJÖLDUM



## SJÚKRADAGPENINGAR PR. 1.000 FÉLAGA Í VR



slysa og atvinnusjúkdóma, gildi einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin séu vátryggingarskyldu. Á aðalfundi þann 24. mars 2021 var hins vegar greint frá því að ekki hefði fengist samþykki Alþýðusambands Íslands fyrir þessari breytingu en breytingar á reglugerð sjóðsins taka ekki gildi fyrr en samþykki ASÍ liggur fyrir. Á aðalfundinum 2021 var þessi samþykkt aðalfundar árið áður því dregin til baka með samþykkt á öðrum breytingum á greininni, sbr. það sem kemur fram hér að neðan.

Á fundinum var borin upp tillaga um orðalagsbreytingu í 1. mgr. 10. gr. um útreikning upphæðar dagpeninga. Þar var lagt til að í stað þess að segja að meta skuli tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en 6 mánuði, ef verulegar breytingar hafi orðið á launum, sé slíkt mat heimilt. Þessi breytingatillaga var borin upp og samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Með þessari samþykkt var breytingin frá fyrra ári jafnframt feld út.

10. gr. reglugerðar VR um Sjúkrasjóð VR, með þessari breytingu, hljómar þá svona:

#### **10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar**

Sjúkrasjóðurinn skal að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur félleu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama slysa- og eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskylda slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúnnin ökutækja.

Í upphafi félagsaðildar skal ekki greiða sjúkra- og slysadagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félagsmann í sjúkrasjóðinn og er þá miðað við þann dag sem greiðslan hefst. Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.3.

Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, yngri en 18 ára, og vegna langvarandi veikinda maka. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.

Eigi félagsmaður rétt til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra- eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem upp á vantar í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.

Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlæknni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

Sá sem hefur fullnýtt rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

#### **FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2021 – 2022**

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, sem gegnir formennsku, Arnþór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Þórir Hilmarsson.

**Til vara:** Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

Á árinu 2021 voru greiddar rúmlega 704 m.kr. í starfsmenntastyrki til félagsfólks VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við tæplega 722 m.kr. árið áður. Lækkun varð á milli ára um 2,5%.

Greiddar umsóknir félagsfólks VR um styrk árið 2021 voru alls 9.906 en voru 10.274 árið áður. Á árinu 2021 fengu 714 félagar greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk sem er sami fjöldi og árið 2020.

## STARFSMENNTANEFDN

Starfsmenntaneft VR hefur verið starfrækt frá árinu 2013. Meðal verkefna hennar eru VR-Skóli lífsins, Stafræna hæfni-hjólið og aðkoma að heilsteptytu námi sem byggir á hæfni-greiningu starfa og raunfærnimati. Mótun menntastefnu VR sem og ítarlegrar aðgerðaráætlunar á sviði starfsmenntamála lauk á árinu 2021.

Nýjasta verkefni nefndarinnar er starfsþróunarverfur sem hýstur er á undirsiðu vefsíðu VR og varð aðgengilegur um mitt ár 2021. Áhersla á starfsþróun snýr fyrst og fremst að því að móta nýjar aðferðir við að sinna núverandi starfi og verkefnum í síbreytilegu umhverfi og hvetja félagsfólk til að kynna sér þær leiðir sem í boði eru. Á síðunni má finna verkfæri sem nýta má í slíkri vegferð og þar má einnig finna yfirlitsmynd um menntun á Íslandi en slík yfirlitsmynd hefur ekki verið aðgengileg til þessa. Yfirlitsmyndin sýnir uppbyggingu menntakerfisins á Íslandi innan formlega framhaldsskóla- og háskólakerfisins sem og náms utan hins formlega skólakerfis.

## Starfsþróunarráðgjöf / Náms- og starfsráðgjöf

Um mitt ár 2021 bauð VR félagsfólk sínu upp á rafræna starfsþróunarráðgjöf þar sem náms- og starfsráðgjafi frá Mími símenntun aðstoðaði félagsfólk VR í starfsþróunarhugleiðingum. Viðtölin voru félagsfólk að kostnaðarlausu og fór skráning þeirra fram á vefsíðu VR. Viðtölin voru til þess fallin að veita stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar, hvort sem fólk var í atvinnuleit eða í leit að hæfniaukningu í starfi. Alls nýttu 42 einstaklingar sér þessa þjónustu 2021.

## VR-Skóli lífsins

Markmið VR-Skóla lífsins er að undirbúa ungt fólk á aldrinum 16 til 24 ára fyrir þátttökum á vinnumarkaði og kynna því réttindi og skyldur í starfi. VR-Skóli lífsins er netnám og hefur verið sérstaklega markaðssettur sem námsefni í framhaldsskólum síðustu ár. VR-Skóli lífsins hefur verið starfræktur frá september 2014 og um miðjan febrúar 2022 höfðu 8.093 nemendur á framhaldsskólastigi lokið við netnámskeið.

Uppfærsla var gerð á náminu á starfsárinu sem ætlað er að koma enn betur til móts við persónuverndarsjónarmið framhaldsskólanna og einfalda skráningarferlið fyrir kennara. Starfsárið 2021 - 2022 fóru 12 framhaldsskólar og 1.091 nemandi í gegnum netnámið.

## Þróun náms í verslun og þjónustu


Fagnám og raunfærnimat í verslun og þjónustu hófst árið 2020 en það er í samstarfi VR, Verzlunarskóla Íslands, Samtaka verslunar og þjónustu, Mímis símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Frá upphafi hafa 69 nemendur innritast í námið, 52 af þeim voru virkir í náminu í lok árs 2021 og 9 hafa útskrifast með fagbréf. Sumir nemendanna halda áfram og ljúka stúdentsþófi samhliða fagnáminu.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólangs á Bifröst og Háskólangs í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Samtaka verslunar- og þjónustu. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi. Diplómánið hóf göngu sína 2018 og hafa 64 nemendur verið skráðir í námið frá upphafi.

## STARFRÆNI HÆFNIKLASINN

Stafræni hæfniklasinn tók til starfa í september 2021 en að honum standa VR, Samtök verslunar og þjónustu og Háskólinn í Reykjavík en stjórnvöld taka að auki þátt í fjármögnun klasans. Markmið Stafræna hæfniklasans er að auka vitundarvakningu á vinnumarkaði og hjá íslenskum fyrirtækjum um mikilvægi þess að huga að stafrænni umbreytingu. Á vettvangi klasans verða fyrirtæki hvött til að gefa stafrænum málum aukið rými í daglegu starfi auk þess að stuðla að eflingu stafrænnar hæfni og þjálfun starfsfólks svo það geti með öryggi og vilja tekið þátt. Vefur klasans, stafrænt.is, var opnaður í byrjun febrúar 2022 en hann á að vera fyrsta stopp þeirra sem vilja hefja sína stafrænu vegferð.

## FJÖLDI VR FÉLAGA SEM FÉKK FRÆÐSLUSTYRK



## FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Á árinu 2021 bættust sjö fyrirtæki í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni. Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins / Félags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk.

## STARFSGREINARÁÐ

Starfsgreinaráð eru, hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Hlutverk þeirra er m.a. að gera tillögur um almenn markmið náms, skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni og gera tillögur um lokamarkmið náms. Alþýðusamband Íslands tilnefnir fulltrúa í öll starfsgreinaráðin og á VR fulltrúa í tveimur þeirra.

Starfsgreinaráð verslunar- og skrifstofugreina er nú vistað undir hatti Menntamálastofnunar. Tveir fundir voru haldnir í ráðinu á árinu vegna starfsheitisins verslunarfagmaður sem var að lokum samþykkt.

Sex rafrænir fundir voru haldnir í Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðabjónustugreina sem einnig er vistað undir hatti Menntamálastofnunar. Helstu verkefni ráðsins tengdust áframhaldandi þróun og vinnu við rafræna ferilbók og endurskoðun á hæfnirkröfum þeirra greina sem falla undir ráðið. Starfsgreinaráðið hefur það hlutverk að tryggja að hæfnirköfurnar verði endurskoðaðar á þriggja ára fresti.

## LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS OG STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNARINNAR

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2021 voru 782,3 m.kr. og gjöld 852,8 m.kr. Eigið fé sjóðsins var 882,1 m.kr. í lok árs 2021.

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2021 voru 26,8 m.kr. og gjöld 21,5 m.kr. Eigið fé sjóðsins var 198,2 m.kr króna í lok árs 2021.

## STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2021 - 2022

### Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (SA) formaður til júní og seta í stjórn til nóvember, Arndís Arnardóttir (SA) til apríl, Davíð

Þorláksson (SA) frá apríl til desember, Hugrún Elvarsdóttir (SA) frá desember, Sara Dögg Svanhildardóttir (SA) til júní, Ragna Vala Kjartansdóttir (SA) frá nóvember, Sigurður Sigfússon (VR), Selma Árnadóttir til júní (VR), Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir frá júní og Eiður Stefánsson (LÍV) formaður frá júní.

Varamenn: Gils Einarsson (LÍV), Björg Ársælsdóttir (SA), Heiðrun Björk Gísladóttir (SA) og Jónas Yngvi Ásgrímsson (VR).

## Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Árni Leósson (VR), sem gegnir formennsku, Bjarndís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Kristjánsdóttir (FA).

## Ég, klukkan fimm mínútur í sex á aðfangadag:



#þriðjavaktin



# VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð árið 2008 og byggir á samkomulagi í kjara-samningum um nýtt fyrirkomulag í starfsendurhæfingu. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir í hópinn og árið 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins.

Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.

Í dag starfa 10 starfsendurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þeir þjónustu við félagsfólk sem veikist eða slasast þannig að vinnugeta þess skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnu-markaði sem vinnugeta hans leyfir.


## HVATNING OG STUÐNINGUR

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjöldi úrræða á borð við sjúkrabjálfun, sálfræðiviðöl, sjálfsstyrkjandi námskeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Á árinu 2021 voru 395 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 356 voru útskrifaðir.

Þjónusta ráðgjafa fór fram með rafrænum hætti þegar samkomutakmarkanir vegna Covid-19 kölluðu á slíkt á árinu 2021. Einstaklingsviðölum var sinnt þegar þörf krafði en ætið í samræmi við sóttvarnareglur. Sveigjanleiki í þjónustu VIRK er orðinn mjög mikill og gátu sérfræðingar vel sinnt þjónustu við félagsfólk þrátt fyrir harðar sóttvarnaðgerðir.


## FRAMFÆRSLUSTAÐA FÉLAGSFÓLKVS VR Í LOK ÞJÓNUSTU VIRK 2021

- Laun á vinnumarkaði
- Endurhæfingarlífeyrir
- Engar tekjur
- Atvinnuleysisbætur
- Örorkulífeyrir
- Námslán
- Fjárhagsaðstoð
- Sjúkrasjóður
- Annað



## FJÖLDI VR FÉLAGA Í ÞJÓNUSTU HJÁ VIRK

■ Útskrifaðir ■ Nýskráðir



Á árinu 2021 voru 84 orlofshús og -ibúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 14 orlofshús og 1 hótelherbergi á árinu. Útleigur ársins 2021 voru 6.211 samanborið við 5.532 árið 2020. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk ibúðanna á Akureyri. Auk húsa í eigu félagsins tók VR á leigu fjölmörg orlofshús sumarið 2021 og endurleigði til félagsfólks.

## UM ORLOFSHÚSIN

VR gekk frá kaupum á tveimur nýjum orlofshúsum á starfsárinu en þau eru í Hválfirði. Stefnt er að kaupum á einu húsi til viðbótar í Hválfirði sem er stærra en önnur orlofshús félagsins og mun geta hýst allt að 18 gesti.

Unnið var að viðhaldi í orlofshúsabyggðinni í Miðhúsum á starfsárinu, settur var upp heitavatnsthankur og eldra hús, sem áður var notað fyrir umsjónaraðila svæðisins, gert upp. Fyrirhugað er að nota húsið sem aukahús á svæðinu. Upp kom veggjalús í orlofshúsum VR í Svignaskarði á árinu. Húsunum var strax lokað og vinna við hreinsun og uppyggingu hófst. Fyrirhugað er að opna á ný sumarið 2022.

## AFSLÁTTARMÍÐAR OG KORT, SAMSTARF VIÐ FERÐAÐJÓNUSTUAÐILA

VR bauð félagsfólki sínu afslátt í flug með Icelandair á árinu 2021 en sala bréfanna var mun minni bæði 2021 og 2020 en ella vegna Covid-19 faraldursins. Alls voru seld 3.550 bréf á árinu 2021 samanborið við 2.751 árið 2020 en 7.856 árið 2019.

VR selur einnig flugmiða innanlands með Flugfélaginu Erni og afsláttarmiða í pakkaferðir með Úrvall Útsýn. Á árinu 2021 voru seldir 78 miðar með innanlandsfluginu og 42 miðar í

pakkaferðir. Þá selur VR félagsfólki sínu veiði- og útilegukort og voru 947 kort seld á árinu 2021.

Sumarið 2021 bauð VR félagsfólki niðurgreiðslu á ferðavögnum og gistingu en það síðarnefnda var tímabundin aðgerð vegna Covid-19 faraldursins. Alls nýttu 733 VR félagar sér þetta boð.

## FRAMKVÆMDASTJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2021 – 2022

Sigurður Sigfússon gegnir formennsku, Harpa Sævars dóttir, Selma Grétarsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Þórir Hilmarsson.

Til vara: Jón Steinar Brynjarsson og Benedikt Vilhjálmsson.

**Þegar ég gleymi jólapseysudeginum hjá barninu:**



#þriðjavaktin

## NÝTING ORLOFSHÚSA 2020 - 2021

	Fjöldi húsa	Fjöldi gistenátta 2021	Nýting 2021	Nýting 2020
Akureyri	15	3.395	69,5%	57,5%
Miðhúsaskógur	26	6.069	64,1%	56,1%
Einarsstaðir	3	864	79,1%	63,4%
Húsafell	6	1.512	69,2%	64,2%
Flúðir	5	1.419	78,0%	65,6%
Reykjavík	3	927	84,9%	73,5%
Ölfusborgir	4	1.115	76,6%	67,2%
Fljótshlíð	2	492	67,6%	56,7%
Grímsnes	4	1.094	75,1%	65,5%
Svignaskarð	3	505	46,2%	67,1%
Önnur VR hús	5	1.338	61,3%	57,4%
Leighuhús (sumar)	15	1.209	85,9%	87,0%
	91	20.339	70,0%	61,9%

# ÁLYKTANIR OG YFIRLÝSINGAR, FUNDIR, NEFNDIR

## YFIRLÝSING FRÁ STJÓRN VR UM FORGANGSRÖÐUN Í BÓLUSETNINGU

Þann 27. maí 2021 sendi stjórn VR frá sér yfirlýsingu þar sem skorað var á sóttvarnayfirvöld að færa verslunarfolk í fram línu tafarlaust í forgangshóp bólusetningar. Í yfirlýsingunni var því fagnað að grímuskyldu hafi verið aflétt í verslunum og á öðrum vettvangi en bent á að stór hluti afgreiðslufólks væri ungt fólk sem enn væri óbólusett og því enn á ný sett í þá stöðu að vera í hvað mestri smithættu. Verslunarfolk hafi staðið vaktina og lyft grettistaki við að halda þjóðfélaginu gangandi á meðan stór hluti þjóðarinnar gat dregið sig í hlé og unnið heima í öruggri fjarlægð.

## ÁLYKTUN FRÁ STJÓRN VR UM ÁLAGNINGU BANKA

Á fundi sínum þann 8. september 2021 samþykkti stjórn VR ályktun þar sem skorað var á bankana þrjá, Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka, að láta af hinum óhóflega vaxtamun milli innlána og útlána, að þeir sýni raunverulega samfélagsábyrgð á borði fremur en bara í orði og skili þjóðinni aftur því sem á milli ber.

Ályktunin var birt í kjölfar þess að bankarnir skiliðu 37 ma.kr. samanlöögðum hagnaði fyrstu sex mánuði ársins 2021. Í ályktuninni er bent á að vel mætti lækka vaxtamuninn um 1,25%-stig svo hann væri nær því sem gerist í nágranna löndum okkar en með því mætti skila 40 ma.kr. árlega til fyrirtækja og einstaklinga í landinu.

## ÁLYKTUN STJÓRNAR OG HÚSNÆDISNEFNDAR VR UM LEIGUMARKAÐINN

Þann 15. október 2021 birtu stjórn VR og húsnædisnefnd félagsins sameiginlega ályktun þar sem gerðar voru þær kröfur til stjórnvalda að þau standi við loforð sín í tengslum við gerð kjarasamninga sem undirritaðir voru í apríl 2019. Í ályktuninni er bent á að engar reglur um hámark

**Börnin mín, þegar ég segi  
þeim að við kaupum bara tilbúið  
piparkökuhús:**



#þriðjavaktin

greiðslubyrðar af mánaðarlegum ráðstöfunartekjum gildi á leigumarkaði eins og Seðlabankinn setti fyrr á árinu á eigna markaði.

Stjórn og húsnædisnefnd leggja til að stjórnvöld setji sammædar reglur hvort sem fólk býr í eigin húsnæði eða í leiguþúsnæði og jafni þannig aðstöðumun eigenda og leigjenda. Þá gera stjórn og húsnædisnefnd kröfu um að stjórnvöld tryggi afgreiðslu á frumvarpi um breytingu á húsaleigulögum, stóreflda hagsmunagæslu og vernd leigjenda, aukið framboð leiguþúsnæðis og húsnædisöryggi leigjenda.

## FRAMTÍÐARNEFND VR SKORAR Á FRAMBOÐ TIL ALÞINGIS AÐ SVARA KRÖFU UM ATVINNULÝÐRÆÐI

Í september 2021, skömmu fyrir kosningar til Alþingis sem haldnar voru 25. september það ár, sendi framtíðarnefnd félagsins frá sér áskorun til framboða til Alþingis um að bregðast við kröfum um aukið atvinnulýðræði, m.a. með því að færa í lög að starfsfolk geti kosið sér fulltrúa í stjórnir þeirra fyrirtækja þar sem það starfar þegar um er að ræða stærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem skráð eru á markað. Þá er einnig lagt til í áskoruninni að breyta lögum um samvinnufélög þannig að starfsfólk sé gert kleift að taka við rekstri fyrirtækja við gjaldþrotaskipti.

## VR VEITIR FLÓTTAFÓLKI FRÁ ÚKRAÍNU NEYÐARAÐSTOÐ

Á fundi sínum þann 9. mars 2022 sendi stjórn frá sér ályktun þar sem innrás Rússlands í frjálst og fullvalda ríki Úkraínu var fordæmd en þá voru liðnar um tvær vikur frá innrásinni. Í ályktuninni kom fram að VR muni leggja sín lóð á vogarskálarnar við móttökum úkraínsks flóttafólks til Íslands með fjársstuðningi að upphæð 5,6 m.kr. og með því að bjóða afnot af orlofshúsum félagsins í Ölfusborgum.

## FUNDIR STARFSÁRIÐ 2021 – 2022

Stjórn VR fundaði alls tólf sinnum á starfsárinu. Langflestir fundir voru rafrænir.

Trúnaðarráð VR fundaði fjórum sinnum á starfsárinu.

Einn félagsfundur var haldinn á starfsárinu, í september 2021 vegna kjörs fulltrúa félagsins á þing Landssambands ísl. verzlunarmanna. Fundurinn var rafrænn.

Aðalfundur var haldinn þann 24. mars 2021, í samræmi við 23. gr. laga félagsins sem kveður á um að fundinn skuli halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram en þeim lauk þann 13. mars 2021. Í ljósi samkomutakmarkana vegna Covid-19 var fundurinn haldinn bæði í staðfundi og rafrænt.

**Ársfundur deildar VR á Austurlandi** fyrir árið 2021 var haldinn 24. júní það ár. Kristín María Björnsdóttir gegnir formennsku í deildinni en hún var kosin árið 2020 til tveggja ára. Aðrir í stjórn eru Gunnar Heiðberg Gestsson og Ellen Rós Baldvinsdóttir, kosin til setu í aðalstjórn til tveggja ára á ársfundi 2021. Til vara eru Stefán Bjarnar Guðmundsson, kosinn 2020 til tveggja ára, og Ingunn Kjartansdóttir og Páll Jóhann Kristinsson, bæði kosin á ársfundi 2021 til tveggja ára.

**Ársfundur deildar VR á Suðurlandi** fyrir árið 2021 var haldinn 27. maí það ár. Gils Einarsson gegnir formennsku í deildinni en hann var kosinn á ársfundi 2021 til tveggja ára. Aðrir í stjórn eru Arndís Anna Sveinsdóttir, kosin til setu í aðalstjórn árið 2020 til tveggja ára, og Ásta Björk Ólafsdóttir, kosin til setu í aðalstjórn á ársfundi 2021 til tveggja ára. Jónas Yngvi Ásgrímsson er í varastjórn, kosinn á ársfundi 2021 til tveggja ára, sem og Sigríður Erlingsdóttir og Haraldur Pálsson, bæði kosin árið 2020 til tveggja ára.

EKKI var haldinn ársfundur **deildar VR í Vestmannaeyjum** árið 2021 og má rekja það til sóttvarnatakmarkana vegna Covid-19.

**32. þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV)** var haldið í fjarfundi þann 14. október 2021 í ljósi samkomutakmarkana vegna Covid-19. Fastir liðir voru teknir fyrir, s.s. skýrsla stjórnar og starfsmenntasjóða og samþykkt ársreikninga og sjóða. Ný stjórn var kjörin og var formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, endurkjörinn sem formaður LÍV. Þinginu var að því loknu frestað og verður framhaldið í lok mars 2022.

**44. þing Alþýðusambands Íslands** var haldið í tveimur hlutum vegna Covid-19 faraldursins. Í október 2020 var fyrri hlutinn haldinn rafrænt þar sem helstu atriði voru afgreidd en þinginu svo frestað. Framhaldsping var haldið fimmtudaginn 9. september 2021. Til þingsins voru boðaðir þeir fulltrúar sem sátu þingið í október 2020. Þingforseti fékk samþykktu tillögu um tímabundin frávik frá þingsköpum fram að 45. þingi og að því loknu var þinginu slitið.

**Ráðstefna VR um atvinnulýðræði** var haldin þann 27. maí 2022 með rafrænum hætti. Atvinnulýðræði felur í sér að starfsfólk, eða fulltrúar þeirra, geti haft áhrif á ákvarðanir er varða rekstur fyrirtækisins sem það starfar hjá. Sérfræðingar frá Noregi og Danmörku fluttu erindi á ráðstefnunni um þróun og stöðu atvinnulýðræðis í þeirra löndum auk þess sem fjallað var um stöðu atvinnulýðræðis á Íslandi og ástæður þess að það hefur ekki fest rætur.

**Ráðstefna VR um þriðju vaktina** var haldin þann 15. mars 2022, bæði í staðfundi og með rafrænum hætti. Ráðstefn-

an var hluti af herferð félagsins um jafnréttismál þar sem áherslan er lögð á vitundarvakningu um hugræna byrði heimilisstarfa eða það sem kallað er þriðja vaktin. Á ráðstefnunni var fjallað um skilgreiningu á vöktunum þremur, hvernig þriðja vaktin birtist kynjunum og hvaða leiðir eru færar til að breyta ójafnri skiptingu hennar og að lokum um herferð félagsins (sjá bls 24).

## NEFNDIR OG STJÓRNIR

**Í uppstillinganefnd 2022 - 2024** sitja Ragnar Þór Ingólfsson sem jafnframt gegnir formennsku, Helga Bryndís Jónsdóttir, Magnús Þorsteinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Stefán Viðar Egilsson. Til vara eru Ágústa Harðardóttir, Þórður Mar Sigurðsson, Benedikt Ragnarsson og Anna Þórðardóttir Bachmann. Hlutverk uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingu nefndarinnar. Auglýst var þann 11. janúar 2022 og var framboðsfrestur til hádegis 21. janúar það sama ár. Uppstillinganefnd VR samþykkti svo lista stjórnar og trúnaðarráðs á fjarfundi síðar þann sama dag og var hann lagður fyrir fjarfund trúnaðarráðs þann 25. janúar þar sem hann var samþykktur. Á listanum var 41 fulltrúi en helmingur trúnaðarráðs er í kjöri hvert ár.

**Í launaneftnd** sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem gegnir formennsku, Bjarni Þór Sigurðsson og Svanhildur Ólöf Þorsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra félagsins.

**Í húsnæðisnefnd** sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem gegnir formennsku, Arnþór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Harpa Sævars dóttir, Helga Jónsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Til vara eru Jón Steinar Brynjarsdóttir og Þórir Hilmarsson. Húsnæðisnefnd ber að móta skýra og heildræna stefnu í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsfólks.

**Í laganeftnd** sitja Arnþór Sigurðsson, Helga Ingólfssdóttir, Harpa Sævars dóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Sigríður Sigfússon. Til vara er Friðrik Boði Ólafsson. Hlutverk laganeftndar er að yfirfara og koma með tillögur til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

**Í framtíðarnefnd** sitja Þorvarður Bergmann Kjartansson sem gegnir formennsku, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Jón Steinar Brynjarsdóttir og Sigríður Hallgrímsdóttir. Til vara eru Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Þórir Hilmarsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins og viðbrögð þess við breytingum í samfélagini hverju sinni.

# ÁLYKTANIR OG YFIRLÝSINGAR, FUNDIR, NEFNDIR

Í **starfsmenntanefnd** sitja Jónas Yngvi Ásgrímsson sem gegnir formennsku, Jón Steinar Brynjarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Grétarsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. Til vara er Sigríður Hallgrímsdóttir. Hlutverk starfsmenntanefndar er að móta skýra stefnu og verkerla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsfólks.

Í **jafnréttis- og mannréttindanefnd** sitja Friða Thoroddsen sem gegnir formennsku, Friðrik Boði Ólafsson, Selma Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Til vara er Bjarni Þór Sigurðsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsfólks, án allrar aðgreiningar.

Í **kjaramálanefnd / nefnd um félagsaðild** sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem gegnir formennsku, Arnþór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Til vara er Bjarni Þór Sigurðsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta kröfugerð félagsins í kjarasamningaviðræðum.

Í **styrkjanefnd** sitja Þórir Hilmarsson sem gegnir formennsku, Helga Ingólfssdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigurður Sigfússon og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir. Til vara eru Bjarni Þór Sigurðsson og Friðrik Boði Ólafsson. Markmið með styrkveitingum VR er að styðja við þá starfsemi sem eflir félagsfólk, bætir stöðu þess og er lyftistöng menningar-mála í landinu.

Í **umhverfisnefnd** sitja Helga Ingólfssdóttir sem gegnir formennsku, Friðrik Boði Ólafsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Til vara er Þórir Hilmarsson. Hlutverk nefndarinnar er að vinna markmið og aðgerðaáætlun í samræmi við umhverfisstefnu VR sem birt er á vef félagsins.

Í **framkvæmdstjórn Vinnudeilusjóðs** sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Til vara er Helga Ingólfssdóttir. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsfólk VR, sem missir atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkbanna, fjárhagsaðstoð.

Í **öldungaráði** sitja Ragnar Þór Ingólfsson sem gegnir formennsku, Bjarni Dagur Jónsson, Bryndís Hagan Torfadóttir, Pálmyr Helga Gísladóttir, Selma Björk Grétarsdóttir og Sigurður Sigfússon. Til vara eru Jón H. Karlsson og Kolbrún Stefánsdóttir. Öldungaráð er umræðu- og samráðsvett-vangur eldri félaga í VR. Þrjú eru tilnefnd í ráðið af stjórn VR, þar með talið formaður félagsins, og þrjú til viðbótar eru kosin af öldungadeild félagsins auk tveggja til vara. Kjör-

tímabil fulltrúa í ráðinu er til tveggja ára í senn. Í öldunga-deildinni eru allir fullgildir félagar 65 ára og eldri. Kosið var til öldungaráðsins kjörtímabilið 2021 – 2023 í apríl og maí 2021.

Í **uppstillinganefnd** um val á stjórnarmönnum félagsins í Lífeyrissjóð verzlunarmanna 2022 – 2024 sitja Ragnar Þór Ingólfsson, Jón Steinar Brynjarsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Friðrik Boði Ólafsson. Til vara eru Selma Björk Grétarsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Stjórn félagsins skipar í uppstillinganefndina. Hlutverk nefndarinnar er að auglýsa eftir áhugasönum til stjórnar-setu í lífeyrissjóðnum fyrir hönd VR og sitja fundi með fagfólkum valið.

Í **fulltrúaráði VR fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna** sitja allir fimmtán í aðalstjórn félagsins auk tíu annarra sem kosin eru af trúnaðarráði. Hlutverk fulltrúaráðsins er m.a. að staðfesta tilnefningar til stjórnar lífeyrissjóðsins og hafa eftirlit og aðhald með störfum stjórnarinnar. Í fulltrúaráð voru kjörin á fundi trúnaðarráðs félagsins á fundi þann 27. apríl 2021 eftirtalin: Áslaug Alexanderdóttir, Auður Jacobsen, Benedikt Ragnarsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir, Ottó Sverrisson, Sveinn Enok Jóhannsson, Unnur Elva Arnardóttir, Valdimar Leó Friðriksson og Þóra Skúladóttir Öfþörð. Sextán gáfu kost á sér. Kynjaskipting skal vera jöfn í fulltrúaráðinu og voru fimm karlar og fimm konur kjörin í ráðið.

Þá á stjórn félagsins sæti í ráðinu en þau eru auk formanns félagsins Ragnars Þórs Ingólfssonar Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Friða Thoroddsen, Harpa Sævars-dóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson og Þórir Hilmarsson.

Í **kjörstjórn VR** sitja Magnús Norðahl frá Alþýðusambandi Íslands sem gegnir formennsku, Þorsteinn Þórólfsen og Þóra Skúladóttir Öfþörð. Til vara eru Stefán Viðar Egilsson og Silja Hlín Guðbjörnsdóttir. Varamaður Magnúsar er Halldór Oddsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félagini samkvæmt reglugerð ASÍ.

## ERLEND SAMSKIPTI

Árlega er haldin ráðstefna stéttarfélaga í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlanda en vegna Covid-19 faraldursins fél hún niður bæði 2020 og 2021.



## FRAMBOÐ TIL TRÚNAÐARSTARFA

Þann 28. janúar 2022 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasönum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2022 – 2024. Auglýst var eftir framboðum til sjö sæta í aðalstjórn VR til tveggja ára og þriggja til vara til eins árs sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 7. febrúar 2022.

Alls bárust 5 einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin. Þar sem ekki bauð sig fram tilskilinn fjöldi til setu í stjórn og varastjórn fell í hlut stjórnar félagsins að leggja til fulltrúa í stjórn og varastjórn, samkvæmt gr. 20.1. í lögum félagsins um kosningu formanns og stjórnar, og leggja tillögur sínar fyrir trúnaðarráð. Stjórn fundaði þann 9. febrúar 2022 og samþykkti að leggja til two fulltrúa í aðalstjórn og þrjá í varastjórn. Trúnaðarráð fundaði þann 17. febrúar og samþykkti tillögur stjórnar.

### Til stjórnar fengu eftirtalin kosningu til tveggja ára:

Selma Björk Grétarsdóttir

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Fríða Thoroddsen

Bjarni Þór Sigurðsson

Þorvarður Bergmann Kjartansson

Sigrún Guðmundsdóttir

Sigríður Lovísa Jónsdóttir

### Þrír til vara – til eins árs:

Arnbjörn Sigurðsson

Sigríður Hallgrímsdóttir

Friðrik Boði Ólafsson

Ekkert mótframboð barst gegn lista trúnaðarráðs VR í lista-kosningu í trúnaðarráð félagsins og telst hann því löglega kjörinn. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins.

## ÁHRIF COVID-19 Á STARFSEMI OG ÞJÓNUSTU VR

Covid-19 faraldurinn hélt áfram að hafa áhrif á starfsemi og þjónustu félagsins á starfsári stjórnar 2021 – 2022. Félagið hefur farið eftir þeim tilmælum sem sóttvarnayfirvöld hafa gefið út frá upphafi faraldursins. Móttaka félagsins var lokað í tæpa fjóra mánuði á árinu 2021 vegna samkomu-

takmarkana og var þjónusta við félagsfólk að stórum hluta færð á netið. Einstaklingar sem sótt hafa þjónustu Sjúkra-sjóðs, VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og kjaramálasviðs hafa þó getað fundað með sérfræðingum, þegar brýn þörf var á því.

Aukin áhersla var lögð á samskipti við félagsfólk og upplýsingagjöf á öllum miðlum félagsins. Fræðsla á vegum félagsins, hvort sem var fyrirlestrar, námskeið eða önnur fræðsla, var færð á rafrænt form strax í upphafi faraldursins og hefur því verið viðhaldið síðan. Þessi breyting hefur fallið í góðan jarðveg hjá félagsfólk og aðsókn að fyrirlestrum stóraukist. Á fundi sínum í maí 2021 skoraði stjórn VR á sóttvarnayfirvöld að færa verslunarfólk í framlínu í forgangshóp bólu-setningar. Stór hluti afgreiðslufólks væri ungt fólk, sem enn var óbólusett á þessum tíma, og því aftur sett í þá stöðu að vera í hvað mestri smithættu (sjá nánar bls. 18). Formaður VR ítrekaði þessa beiðni stjórnar félagsins í grein sem birt var á vef félagsins í tilefni af frídegi verslunarmanna 2021.

VR kynnti síðla árs 2020 hugmynd að sértækum stuðningi við launafólk sem hafði orðið fyrir atvinnumissi og tekjufalli vegna Covid-19. VR. Sett var á laggirnar nefnd með fulltrúum stjórnvalda og vinnumarkaðarins sem átti að skoða hugmyndina en hún hefur ekki skilað af sér.

## STJÓRNARHÆTTIR

Starfsemi VR byggir á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum VR sem birt eru á vefsíðunni vr.is sem og reglugerðum og starfsreglum um sjóði félagsins. Stjórn VR starfar samkvæmt starfsreglum sem ætlað er að tryggja að starfshættir hennar séu í samræmi við almenna góða stjórnarhætti. Stjórn og starfsfólk VR starfa að auki samkvæmt siðareglum samþykktum af stjórn sem m.a. miða að auknu gagnsæi, ábyrgð og heiðarleika í allri hagsmunagæslu félagsins fyrir sína félaga. Í þjónustu og starfsemi félagsins leggur VR áherslu á gildi félagsins sem eru framsækni, fagmennska og forysta. Starfsreglur og siðareglur stjórnar félagsins eru birtar á vef VR, vr.is, sem og allar reglugerðir sjóða.

## STEFNUR VR

Stjórn VR hefur samþykkt stefnur sem varða rekstur og starfsemi félagsins og hagsmunagæslu þess. Stefnur VR eru birtar á vef félagsins, vr.is og er hér eingöngu fjallað um stefnu sem ekki hefur verið skyrt frá áður í ársskýrslu félagsins.

Samþykkt var **tæknistefna** í fundi stjórnar í apríl 2022. Í henni kemur fram að VR vilji vera leiðandi í stafrænni þjónustu við félagsfólk. Félagið stefni að því að hagnýta upplýsingatækni þar sem kerfi, þjónusta og tækninýjungar verði öflug stoð við þau markmið sem félagið hafi sett sér.

# STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

## HEIMSMARKMIÐIN

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin eru 17 talsins og snerta mörg þeirra starfsemi og hagsmunabaráttu VR með beinum eða óbeinum hætti. Félagið leitast við að uppfylla markmiðin í sínum rekstri og þjónustu, en þau sem hér er fjallað um snerta baráttu félagsins með beinum hætti.

**1** ENGIN  
FÁTÆKT



### Engin fátækt

Verkalýðsfélög leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn hungrí með því að gæta að hagsmunum launafólks, ekki bara hvað snertir launamál og baráttuna fyrir hækjun lágmarks-launa heldur einnig því sem snýr að heilsu, endurhæfingu, atvinnuleysi, húsnæði, menntun o.fl.

**3** HEILSA OG  
VELLÍÐAN



### Heilsa og vellíðan

Með öflugum sjúkrasjóði leggur VR sín lóð á vogarskálarnar hvað þetta markmið varðar auk frumkvæðisvinnu um starfsendurhæfingu og aðkomu að stofnun og rekstri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. VR varasjóður veitir einnig styrki til heilsueflingar og fyrirbyggjandi þáttu.

**4** MENNTUN  
FYRIR ALLA



### Menntun fyrir alla

VR leggur mikla áherslu á mikilvægi menntunar síns félagsfólks, bæði með rekstri öflugra starfsmenntasjóða og VR varasjóðs en einnig með því að vinna að nýjum námsleiðum fyrir launafólk, símenntun, raunfærnimati og öðrum þáttum sem styrkja stöðu félagsfólks.

**5** JAFNRÉTTI  
KYNJANNA



### Jafnrétti kynjanna

VR hefur verið í fararbroddi stéttarfélaga á Íslandi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Félagið hefur m.a. farið í herferðir og ýtti úr vör jafnlaunavottun um leið og jafnlaunastaðall var samþykktur hér á landi svo eitthvað sé nefnt.

**8** GÓÐ ATVINNA  
OG HAGVÖXTUR



### Góð atvinna og hagvöxtur

Þótt baráttu stéttarfélaga almennt beinist einkum að því að auka kaupmátt þeirra einstaklinga sem mynda félögin er ljóst að hagsmunir launafólks og atvinnureknda haldast í hendur. Góð atvinna byggir að auki á stöðugri réttindabaráttu stéttarfélaga.

**10** AUKINN  
JÖFNUDUR



### Aukinn jöfnudur

VR hefur verið óþreytandi í baráttu fyrir hækjun lægstu launa félagsfólks síns og þar með auknum jöfnuði hér innanlands. Kjarabaráttu VR hefur því að miklu leyti snúist um að draga úr ójöfnuði á meðal launafólks á vinnumarkaði.

## LAGABREYTINGAR

Á aðalfundi þann 24. mars 2021 lagði stjórn fram tvær tilögur til breytinga á lögum félagsins sem báðar voru samþykktar. Tillögurnar miðuðu að því að mæta nútímanum í ljósi fjarfunda og breyttra samskipta, ekki einungis vegna Covid-19 faraldursins heldur einnig vegna þess að félagssvæði VR er víðfeðmt.

Fyrri tillagan sneri að gr. 23. um aðalfundi og felur í sér viðbót við greinina. Í tillögunni segir að stjórn sé heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skuli þá tryggja að gætt verði jafnræðis með fundarmönnum, hvort sem þeir sæki fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka skuli ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.

Rafræn þátttaka skuli ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum

Síðari tillagan sneri að gr. 25. um félagsfundi og felur einnig í sér viðbót við greinina. Þar segir að stjórn sé heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skuli þá tryggja að gætt verði jafnræðis með fundarmönnum, hvort sem þeir sæki fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka skuli ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.

Lög VR með samþykktum breytingum eru birt á vef félagsins, vr.is.

## STARFSEMI ÞJÓNUSTUDEILDAR 2021

Fulltrúar þjónustudeildar VR svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmennta-sjóðina, Sjúkrasjóð VR, orlofshús og kjaramál. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri VR í Reykjavík á árinu 2021 var 3.436 sem er um þriðjungi minna en árið 2020, en þá var mikil fækkun frá árinu áður sem rekja má til Covid-19 faraldursins.

Heildarfjöldi símtala til félagsins á árinu 2021 var 41.150 sem er um 15,4% fækkun frá árinu á undan þegar heildarfjöldinn var 48.647. Símtölum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum í takt við fjölgun rafrænna fyrirspurna og aukinnar notkunar á vefsíðu vr@vr.is á árinu 2021 en árið 2020 voru þær um 14 þúsund. Hafa verður í huga að á netfang kjaramálasviðs félagsins bárust hátt í sex þúsund fyrirspurnir árið 2021. Heildarfjöldi tölvupósta til VR árið 2021 var því 20.241. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Egilstöðum og Selfossi.

## VR VARASJÓÐUR

VR varasjóður var stofnaður árið 2006 með það að markmiði að veita félögum í VR meiri sveigjanleika í að nota inneign sína í sjóðum félagsins og einfalda aðkomu að henni. Yfirlieft er lagt inn í sjóðinn eftir aðalfund ár hvert, sem allajafna er haldinn í mars. Framlag í sjóðinn var samþykkt á aðalfundi þann 24. mars 2021, samtals 785 m.kr. fyrir árið 2020, og lagt inn í hann að fundinum loknum. VR varasjóður er myndaður með fjármunum úr Sjúkrasjóði VR og Orlofssjóði en vegna versnandi afkomu Sjúkrasjóðs hefur framlag verið sótt úr félagssjóði síðustu ár og var það einnig svo árið 2021.

Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2021 námu alls 710.051.014 kr. og fengu 16.226 einstaklingar greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 276 m.kr. eða sem nemur 39% af heildargreiðslum úr sjóðnum á árinu. Árið 2019 námu greiðslur úr sjóðnum 686.722.743 kr. til 17.141 einstaklings.

Alls áttu um 58 þúsund einstaklingar réttindi í VR varasjóði í lok árs 2021 og nam heildarupphæðin 2,3 ma.kr. Til samanburðar átti 61 þúsund einstaklingur réttindi í sjóðnum í byrjun árs 2020 að upphæð 2,2 ma.kr.

## FÉLAGSMÁL

### Félagsgjald

Á aðalfundi VR þann 24. mars 2021 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum. Lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skal þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks

frá og með sama tíma.

Þá var einnig samþykkt að 0,65% félagsgjalds renni í félagsjóð en 0,05% í Vinnudeilusjóð.

### Laun stjórnarmanna

Á aðalfundi VR þann 24. mars 2021 var lögð fram tillaga um að hækka stjórnarlaun úr 52.427 kr. á mánuði í 53.484 kr. á mánuði. Hækkunin byggir á samþykkt aðalfundar 2016 um að laun stjórnarfólks hækki / lækki í takt við launavísitölu félagsins. Um er að ræða 2% hækken. Í tillögunni var jafnframt lagt til að þau sem gegna formennsku í framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs og Orlofsstjórn sem og varaformáður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun, eins og verið hefur. Jafnframt var lagt til að stjórnarmenn og varastjórnarmenn fái 5.000 kr. fyrir hvern setinn fund í nefndum VR. Í tillögunni var jafnframt lagt til að VR greiði ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnamanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

Tillagan var samþykkt.

### Einn réttur – ekkert svindl!

VR tekur þátt í verkefni Albýðusambands Íslands **Einn réttur – ekkert svindl!** Verkefninu var hrint af stokkunum í febrúar árið 2016 og er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi.

### VR styður dómsmál Neytendasamtakanna vegna breytilegra vaxta

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum 13. janúar 2021 að styðja Neytendasamtökin í dómsmáli þeirra vegna breytilegra vaxta hjá bönkunum og vera þannig helsti bakhjalr sam-takanna í málaferlunum. Neytendasamtökin vilja láta reyna á það hvort skilmálar lána hjá bönkunum með breytilega vexti standist lög. Fyrirhugað er að málflutningur hefjist vorið 2022.

### Mannfagnaðir

Hátíðarhöld vegna **1. maí 2021** voru með óhefðbundnu sniði vegna samkomutakmarkana og voru ekki haldnir baráttufundir eins og venja er. Þess í stað buðu samtök launa-fólks upp á útsendingu frá skemmti-og baráttusamkomu sem flutt var í Hörpu að kvöldi 1. maí og sjónvarpað á RÚV.

Árlegt **kaffisamsæti eldri félaga**, sem yfirleitt koma saman á uppstigningardegi ár hvert, var fellt niður árið 2021 vegna Covid-19.

VR hefur síðustu ár staðið fyrir **jólatónleikum** og **jólaballi** fyrir félagsfólk í desember en hvoru tveggja var aflyst 2021.

### Styrkveitingar 2021

VR veitti styrki að upphæð 11,9 m.kr. árið 2021 til ýmissa

# STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

líknarsamtaka og stofnana. Þar af samþykkti stjórn að styrkja hjálparsamtök sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna um 5,5 m.kr. jólín 2021 sem er í takt við úthlutun jólastyrkja árin fyrir heimsfaraldurinn.

## RANNSÓKNIR OG KANNANIR

### Fyrirtæki ársins 2021

**Fyrirtæki ársins 2021**, samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR, voru einu fleiri en allajafna þar sem ekki var hægt að gera upp á milli tveggja fyrirtækja í hópi þeirra efstu í flokki meðalstórra fyrirtækja. Sigurvegararnir fimm í hópi stórra fyrirtækja með 70 eða fleiri starfandi voru LS Retail, Nova, Opin kerfi, Sjóvá og Vörður tryggingar. Í hópi millistórra fyrirtækja þar sem starfsfólk er frá 30 til 69 talsins eru vinningsfyrirtækin sex, Hringdu, Hvítá húsið, Miðlun, Reykjafell, Tengi og Toyota. Í hópi lítilla fyrirtækja þar sem starfsfólk er færra en 30 eru vinningsfyrirtækin Artasan, Egill Árnason, Hagvangur, Rekstrarfélag Kringlunnar og Reon. Könnunin var gerð í febrúar og mars 2021 og voru niðurstöður birtar um miðjan maí. Í endanlegu úrtaki voru tæplega 33 þúsund einstaklingar og var svörun 37%. Vegna samkomutakmarkana voru viðurkenningar veittar í smærri móttökum.

### Launarannsókn 2021

Á Mínúm síðum á vef VR er launareiknivél þar sem félagsfólk getur séð samanburð eigin launa við aðra í sambærilegu starfi. Frá árinu 2019 hefur VR birt niðurstöður þessarar reiknivélar á opnum vef tvívar á ári, fyrir laun í febrúar og september. Launareiknivélin hefur tekið við af launakönnun VR en félagið stóð fyrir könnun á launakjörum í félagini árlega í two áratugi eða til ársins 2018.

Samkvæmt niðurstöðum **launarannsóknar** var miðgildi heildarauna félaga í VR að meðaltali 675 þúsund krónur í september 2021. Miðgildi grunnauna var 671 þúsund. Til samanburðar var miðgildi heildarauna 660 þúsund í september 2020 en miðgildi grunnauna var 653 þúsund. Launarannsókn í september 2021 byggði á rúmlega 12 þúsund skráningum eða um þriðjungi VR félaga í mánuðinum.

### ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR blaðið kom út fjórum sinnum á starfsárinu og var upplag að meðaltali um 18 þúsund. Tölublöðum verður fækkað í tvö frá og með árinu 2022 og frekari áhersla lögð á rafræna útgáfu efnis fyrir vef félagsins og samfélagsmiðla.

VR fagnaði **130 ára afmæli** á árinu 2021 og var ítarleg umfjöllun það í skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2020 – 2021. Viðburðir í tilefni af afmælinu voru haldnir allt árið 2021, meðal annars bauð félagið upp á opið hús í Árbæjarsafni yfir verslunarmannahelgina, en húsið sem VR var stofnað í er staðsett á safninu. Rúmlega 900 manns sóttu safnið þá helgi.

VR styrkti gerð heimildamyndarinnar **Korter yfir sjö** sem segir frá verkfallsaðgerðum 1955 í Reykjavík sem voru einhverjar þær harðvítugustu í sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Myndin var frumsýnd í september 2021.

Í september 2021 var frumsýndur á sjónvarpsstöðinni Hringbraut sjónvarpsþáttur undir yfirskriftinni **Kjör aldraðra** þar sem kastljósini var beint að stöðu aldraðra með áherslu á lífeyrismálin. Þátturinn var unninn í samstarfi við VR að tilstuðlan öldungaráðs félagsins.

Herferð undir heitinu **Priðja vaktin** var hleypt af stokkunum síðla árs 2021. Umfjöllunarefnið var sú ábyrgð og álag sem fylgir því sem kallað er hugræn byrði eða þriðja vaktin en hún felur í sér n.k. framkvæmdastjórn heimilis. Konur standa þriðju vaktina að mestu leyti og vill VR með herferðinni benda á að þriðja vaktin hefur áhrif á frama og starfsval kvenna. Herferðin fóli í sér auglýsingar, umfjöllun á samfélagsmiðlum og fréttamiðlum sem og fyrillestra, námskeið og ráðstefnur fyrir félagsfólk (sjá bls. 19). VR gerði könnun um þekkingu á hugtakinu þriðja vaktin bæði áður en herferðin hófst og eftir að hún hafði staðið í fjóra mánuði. Niðurstöðurnar benda til þess að herferðin hafi skilað sér í umtalsverðri vitundarvakningu um þriðju vaktina.

Notendur vefsíðu félagsins, **vr.is**, voru að meðaltali rúmlega 33 þúsund á mánuði á starfsárinu, m.v. talningu Google analytics vefmælingarkerfisins, en voru um 36 þúsund árið áður.

Haustið 2021 hófu VR og **1819 Torgið** samstarf sem gerir afsláttarkjör og tilboð af ýmsu tagi fyrir félagsfólk VR aðgengilegri og þægilegri í notkun en áður. Ekki er lengur þörf á félagsskírteini til að nálgast sérkjör og afslætti sem samið hefur verið um fyrir félagsfólk.

### FYRIRLESTRAR, NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

VR bauð upp á 23 **rafræna hádegisfyrillestra** á starfsárinu sem 1.466 félagar sóttu. Það er fækkun frá síðasta ári en margfalt á við aðsókn áður en fyrillestrar urðu rafrænir. Haldin voru 8 **námskeið** á rafrænu formi og sóttu þau alls 516 félagar. Námskeiðin voru hugsuð sem þjónusta á meðan Covid-19 stóð sem hæst. Nú er áhersla lögð á rafræna fyrillestra sem eru aðgengilegir félagsfólk til lengri tíma og með enskum texta fyrir félagsfólk sem hefur ekki íslensku að móðurmáli.

Haldin voru 10 **námskeið fyrir trúnaðarmenn** og sóttu þau 152 trúnaðarmenn. Skattframtíslaðstoðin var einnig á sínum stað, hún var rafræn að þessu sinni og nýttu sér hana um 50 félagar.

### Kynningar fyrir nemendum

VR hefur í rúma two áratugi staðið fyrir kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og í flestum framhaldsskólum á félagssvæði sínu. Starfsfólk VR hefur heimsótt skólana síðustu ár en mest allt starfsárið stjórnar 2021 - 2022 var þjónustan veitt á rafrænu formi vegna Covid-19 takmarkana í grunnskólum. Rafræn útgáfa af grunnskólakynningunni var send á 33 grunnskóla og sýnd 1.473 nemendum á félagssvæði VR á starfsárinu. Það er töluverð fækken frá síðasta starfsári en margir grunnskólar hafa óskað eftir því að starfsfólk VR verði með kynningu vorið 2022.

Framhaldsskólakynning var einnig í boði rafræn en enginn framhaldsskóli nýtti sér þá þjónustu á starfsárinu.

## SKIPULAG SKRIFSTOFU VR

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fjögur svið sem eru kjaramálasvið, fjármála- og rekstrar-svið, þjónustu- og mannauðssvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

VR fylgir skýrum stefnum um starfsemi skrifstofu félagsins. Í gæðahandbók félagsins eru m.a. birtar eftirfarandi stefnur sem varða störf starfsfólks, aðstöðu þeirra, réttindi, heilsu og öryggi og falla undir viðmið um samfélagsábyrgð (ESG, Environmental, Social, Governance): Starfsmannastefna, jafnréttisstefna skrifstofu, heilbrigðisstefna skrifstofu, innri upplýsingastefna, stefna um upplýsingaöryggi, stefna gegn einelti og kynferðislegri áreitni og persónuverndarstefna.

Eitt vinnuslys var skráð á skrifstofu félagsins á árinu 2021.

## Skrifstofa VR í Vestmannaeyjum flutt

VR flutti skrifstofu aðstöðu sína í Vestmannaeyjum í nýtt og betra skrifstofuhúsnæði að Heiðarvegi 7 í maí 2021. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10:00 - 12:00 og kl. 13:00 - 15:00

## Verkefnastofa

Í kjölfar samþykktar tæknistefnu félagsins voru gerðar breytingar á skipulagi starfseminnar og sett á laggirnar verkefnastofa. Flest stærri verkefni félagsins eru nú unnin í teymisvinnu í samræmi við starfsfyrirkomulag verkefnastofu.

## Sóttvarnir á skrifstofu VR

Í upphafi Covid-19 faraldursins var starfsemi félagsins metin m.t.t. samkomutakmarkana og sóttvarna og var þjónustuliðum forgangsraðað. Öryggisnefnd skrifstofunnar fundaði eftir þörfum og hefur félagið farið að tilmælum sóttvarnayfirvalda í einu og öllu. Starfsfólk var í fyrstu bylgju faraldursins skipt í two hópa sem skiptust á að sinna vinna sinni á skrifstofunni og að heiman, þar sem því var við komið, og var unnið samkvæmt slíku skipulagi þegar þörf krafði á starfsárinu 2021 – 2022. Einnig þurfti um tíma að hólfaskipta skrifstofunni í samræmi við samkomutakmarkanir. Þá voru fundir starfsmanna mestmegin haldnir í fjarfundí á starfsárinu.

## Starfsfólk skrifstofu

Í byrjun mars 2022 var 71 starfandi hjá VR í rúmlega 63 stöðugildum. Frá 1. mars 2021 til 28. febrúar 2022 hættu eftirtalin störfum hjá félaginu: Þorsteinn Skúli Sveinsson á kjaramálasviði, Heiða Kristín Líndal Harðardóttir og Hulda Gunnarsdóttir á þjónustu- og mannauðssviði og Guðrún

## FÉLAGATAL

Ár	Konur	Karlar	Samtals	Fullgild við áramót	Snertingar við félagið*
2011	16.804	12.036	28.840	24.319	38.152
2012	17.022	12.452	29.474	25.185	39.062
2013	17.072	12.709	29.781	25.760	39.278
2014	17.353	13.020	30.373	26.045	40.090
2015	17.672	13.430	31.102	26.573	41.368
2016	18.481	14.332	32.813	27.893	43.641
2017	19.250	15.981	35.231	29.977	46.866
2018	19.952	16.075	36.029	30.867	47.506
2019	20.700	16.675	37.375	32.320	48.326
2020	19.877	16.625	36.502	31.941	45.894
2021	19.860	17.011	36.871	31.658	47.233

\*Tölur yfir snertingar við félagið sýna fjölda einstaklinga sem greiðir félagsgjald a.m.k. einu sinni tiltekið ár.

Johnsen hagfræðingur. Á sama tímabili hófu eftirtalin störf: Marta Jóhannesdóttir á fjármála- og rekstrarsviði, Birgir Már Guðmundsson, Magdalena Mazur og Oddur Birnir Pétursson á kjaramálasviði, Sigmundur Halldórsson á skrifstofu framkvæmdastjóra og Reynir Albert Þórólfsson og Signý Aðalsteinsdóttir á þróunarsviði. Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir skipti um starf og hefur nú umsjón með verkefnastýringu. Eva Laufey Eggertsdóttir og Óskar Már Óskarsson voru í sumarafleysisum og hlutastarfi samhliða námi. Sigurður Elías Halldórsson var í helgarvinnu í Miðhúsaskógi og Sólrún Ástvaldsdóttir í tilfallandi verkefnavinnu á fjármála- og rekstrarsviði. Anna Lilja Björnsdóttir fór í fæðingarorlof á árinu og Berglind Laufey Ingadóttir fór í eins árs leyfi.

## Fastráðið starfsfólk á skrifstofu

**1. mars 2022**

### Formaður

Ragnar Þór Ingólfsson

### Framkvæmdastjóri

Stefán Sveinbjörnsson

### Fjármála- og rekstrarsvið

Oddur Gunnar Jónsson

Auður Búadóttir

Birgir Georgsson

Björn H. Björnsson

Emil Gústafsson

Gísli Lúðvík Kjartansson

Snorri Elís Halldórsson

Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir

Marta Jóhannesdóttir

Sonja Steinarsdóttir

Viktor E. Viktorsson

Forstöðumaður

Bókhald

Eignaumsýsla

Upplýsingatækni

Umsjón orlofseigna

Umsjón orlofseigna

Miðhúsaskógor

Gæða- og skjalamál

Reikningshald

Rekstur tölvukerfa

Upplýsingatækni

### Kjaramálasvið

Bryndís Guðnadóttir

Birgir Már Guðmundsson

Bryndís Kjartansdóttir

Hildur Margrétt Hjaltested

Jakob Einarsson

Júníu Þorkelsdóttir

Kolbrún Júlíu Erlendsdóttir

Kristín María Björnsdóttir

Magdalena Mazur

Málfríður Þorkelsdóttir

Nathálía Druzin Halldórsdóttir

Oddur Birnir Pétursson

Viktoría Jensdóttir

Þorsteinn S. Sveinsson

Forstöðumaður

Kjaramál

Kjaramál

Kjaramál

Kjaramál

Kjaramál

Kjaramál

Kjaramál

Kjaramál

Kjaramál

Atvinnumál og trúnaðarmenn

Kjaramál

Kjaramál

Kjaramál

### Þjónustu- og mannauðssvið

Herdís Rán Magnúsdóttir

Ásta Björk Ólafsdóttir

Ástríður Valbjörnsdóttir

Elín Matthildur Andréasdóttir

Erla Bryndís Ingadóttir

Erna Eyjólsdóttir

Eymundur G. Hannesson

Heiða Björg Tómasdóttir

Hildur Guðjónsdóttir

Sigrún Rós Elmers

Selma Ragnheiður Klemensdóttir

Katrín Magnúsdóttir

Katrín Sólveig Sigmarsdóttir

Malgorzata Maria Madej

Ragna Steina Þorsteinsdóttir

Rannveig Rögnvaldsdóttir

Rósmarý Úlfarsdóttir

Salbjörg Björnsdóttir

Sigrún Lína Sigurðardóttir

Sigrún Svava Gísladóttir

Soffía Einarsdóttir

Sóley Garðarsdóttir

Þorgrímur Guðmundsson

Þórarinn Pórsson

Þórunn Jónsdóttir

Forstöðumaður

Þjónustuver

Sjúkrasjóður

Starfsendurhæfing - VIRK

Þjónustuver

Þjónustuver

Starfsendurhæfing - VIRK

Starfsendurhæfing - VIRK

Starfsendurhæfinga - VIRK

Starfsendurhæfing - VIRK

Forstöðumaður

Trúnaðarmenn og viðburðir

Markaðsmál og viðburðir

Markaðsmál og viðburðir

Vefur og markaðsmál

Grafík

Starfsmenntamál og viðburðir

Starfsmenntamál

Starfsmenntamál

### Þróunarsvið

Árni Leósson

Anna Lilja Björnsdóttir

Árdís Birgisdóttir

Elva Hrönn Hjartardóttir

Fjóla Helgadóttir

Reynir Albert Þórólfsson

Sandra Ósk Jóhannsdóttir

Selma Kristjánsdóttir

Signý Aðalsteinsdóttir

LÍV

Verkefnastjórn

Tölfræði og greiningar

Hagfræðingur

### Skrifstofa framkvæmdastjóra

Sigmundur Halldórsson

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Steinunn Böðvarsdóttir

Viðar Ingason

Vinnustaðaeftirlit

Vinnustaðaeftirlit og kjarasamningar

### Vinnustaðaeftirlit

Gils Einarsson

Hermann Guðmundsson

## KJÖRIN STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2021

Alls sitja fimmtán einstaklingar í stjórn auk þriggja í varastjórn, sjö meðstjórnendur sáfram kjörnir árið 2020. Á aðalfundi 24. mars 2021 tóku neðangreind sæti í forstu félagsins.

### Formaður til tveggja ára.

Ragnar Þór Ingólfsson

Sjö í stjórn VR til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir  
Jón Steinar Brynjarsdóttir  
Helga Ingólfssdóttir  
Sigurður Sigfússon  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Þórir Hilmarsson  
Harpa Sævarsdóttir

### Þrír í varastjórn til eins árs.

Jónas Yngvi Ásgrímsson  
Sigríður Hallgrímsdóttir  
Arnbjörn Sigurðsson

## Trúnaðarráð

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillinganefnd félagsins til-lögu um skipan í trúnaðarráð. Í lögunum segir m.a.:

... Stjórn og trúnaðarráði er skyldt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti sam-tímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar ann-að hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra. ..."

Framboðsfrestur til að skila inn listum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2021 – 2023 rann út á hádegi þann 8. febrúar 2021. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR og var hann réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í stafrófs-röð hér að neðan. Helmingur trúnaðarráðs sat áfram, kosinn til tveggja ára árið 2019.

Álfheiður Sigurjónsdóttir

Árni Leósson

Anna Katrín Ólafsdóttir

Anna Þórðardóttir Bachmann

Árni Guðmundsson

Áslaug Alexandersdóttir

Birgir Már Guðmundsson

Birgitta Ragnarsdóttir

Björg Gilsdóttir

Björgvin Ingason

Björn Axel Jónsson

Erla María Vilhjálmsdóttir

Freyja Lárusdóttir

Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir

Guðlaugur Sæmundsson

Guðmunda Ólafsdóttir

Guðrún Jóna Valgeirsdóttir

Hafliði Ingason

Halldóra Magnúsdóttir

Halldóra María Steinarsdóttir

Ingimar Þorsteinsson

Jóhann Már Sigurbjörnsson

Jón Guðmundur Björgvinsson

Jón Hrafn Guðjónsson

Kristinn Örn Jóhannesson

Ottó Sverrisson

Páll Örn Líndal

Ragnar Orri Benediktsson

Selma Kristjánsdóttir

Sesselja Jónsdóttir

Sigurbjörg Þorláksdóttir

Sigurður Karlsson

Silja Hlín Guðbjörnsdóttir

Soffía Óladóttir

Stefán Viðar Egilsson

Steinar Viktorsson

Steinunn Böðvarsdóttir

Steinþór Ásgeirsson

Sveinn Enok Jóhannesson

Vala Ólöf Kristinsdóttir

Valdimar Leó Friðriksson

Þóra Kristín Halldórsdóttir

Þróstur Ríkarðsson

## TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM

Trúnaðarmenn VR á vinnustöðum voru alls 238 í byrjun mars árið 2022 en voru 250 í sama mánuði árið áður. Listi yfir trúnaðarmenn er birtur á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is).

## GENERAL ACTIVITIES AND SERVICES 2021

Number of members	36,871
Number who paid into the Fund at least once during the year	47,233
Employment terms under examination for members	1,113
Vocational and leisure activity grants, No. of members	9,906
Grants from VR Contingency Fund, No. of members	16,226
No. of benefit recipients from VR Sick Pay Fund	1,442
No. of new registrations for services from VIRK consultants at VR	395
Use of holiday cottages, number of leases	6,611

## COLLECTIVE WAGE AGREEMENTS

The underlying premises of the Standard of Living Agreement of 2019 were up for review in September 2021, at which time the Wage and Premises Committee assessed whether the premises for purchasing power had been maintained, as well as whether government decisions, amendments to laws and financing that had been promised by the public authorities in April 2019 had been kept. The premises of the Agreement had not been fully met since the public authorities did not fully keep the promise of their statement. The Negotiation Committee of the Federation of Labour Unions and the Executive Committee of the Confederation of Icelandic Employers announced their willingness to let the Agreement stand, and it therefore remains in effect until its expiry at 1 November 2022.

Preparations for the claims of the union and the next round of wage negotiation discussions with the Confederation of Employers began in the summer of 2021, as the Wage and Premises Committee of the union Board has the role of shaping the demands of the union. In addition to the Committee and the entire Board, the VR Council of Representatives also participates in the preparation of wage demands, and union members also have the opportunity to actively participate, such as through participation in a survey that was sent out in February.

## OTHER AGREEMENTS

On 22 June 2021, a wage agreement between ÍSAL in Straumsvík and the relevant unions was signed. The participation in the joint vote of VR and the Hlíf Union was 64.3%, and the agreement was approved by 76.8% of those who voted.

A vote on a new wage agreement with Elkem Ísland

began on 25 May and ended on 2 June 2021. This was a wage agreement between Elkem Ísland ehf. and the unions concerned and was signed on 18 May 2021. The vote was joint amongst the unions, and participation was 71.8%. The agreement was approved with 59.5% of the votes cast.

## WAGE ISSUES

Due to the COVID-19 epidemic, the reception of the union was closed for nearly four months in 2021. The wage issue experts of the union provided union members with electronic and telephone services during this period. During the months when the reception was open, the experts of the division received 1,046 members.

The wage issue experts opened a total of 1,390 new cases in 2021, compared to 1,695 in 2020. Excluding work permits for foreign union members, new cases numbered 1,113. New cases are established if further assistance is needed than can be provided during the first visit at the office or through the first telephone interview. In 2020 and 2021, somewhat fewer cases were opened than in previous years, which can be attributed to the COVID-19 epidemic as well as the success in closing cases through e-mail communications or by phone, which therefore made it unnecessary to open new cases. Most of the cases were about rights due to terminations or hiring, and wage calculations and the review of wage statements were also prominent.

VR members with foreign citizenship were more than 11% of the total of union members on average in 2021. Of the total number of cases in the wage terms division, about 40% were related to individuals with foreign citizenship.

## WORKPLACE SUPERVISION

Due to the COVID-19 epidemic, the Federation of Labour decided to mostly halt the regular workplace supervision, although each and every union assessed the need for visits to individual companies if reason arose for it. Registrations by VR into the supervision databases were therefore few in 2021, and visits were not registered if only the management was contacted, not the staff.

The workplace supervision team had made a special effort in supervision with workplace cameras, and it relayed comments to the Data Protection Authority regarding individual workplaces which, in the opinion of the supervision team, had gone too far in the electronic monitoring of the staff.

## VR SICK PAY FUND

Per-diem sickness payments to VR members declined between 2020 and 2021, the second year in a row. Several

years before that, per-diem sickness payments had steadily increased in line with the increased number of principal health issues, mainly mental disturbance and musculoskeletal system issues.

Per-diem payments amounted to ISK 1,509,580,988 in 2021 or 14% less than in 2020.

The single most important health issue is mental disturbance, accounting for 36.5% of the total amount of per-diem payments in 2021, nearly the same percentage as in 2020.

### **VR CONTINGENCY FUND**

Total payments from the VR Contingency Fund in 2021 amounted to ISK 710,051,014, and 16,226 individuals received payments from the Fund. By far, the largest part of payments went towards preventative treatments, ISK 276 million, 39% of total payments from the Fund for the year.

### **VOCATIONAL TRAINING**

A total of ISK 704 million was paid in retraining grants to VR union members in 2021 from retraining funds in which the union is a participant, compared to ISK 722 million in the previous year.

There were 9,906 applications by union members for retraining grants in 2021, compared to 10,274 the year before. A total of 714 union members were paid a three-year cumulative grant, the same number as in 2020.

### **HOLIDAY COTTAGES**

A total of 84 holiday cottages and apartments were owned by VR in 2021. The union leased 14 holiday houses and 1 hotel rooms during the year. Rentals in 2021 were 6,211 in number, compared to 5,532 in 2020. In addition to houses owned by the union, VR leased a number of holiday houses in 2021 and subleased them to union members.

